



LAUFBLAÐIÐ

Lauf félag flogaveikra | 1. tölublað | 20. árgangur | 2010

HEIÐRÚN GUÐVARÐARDÓTTIR

Söngur er líf og yndi Heiðrúnar og reyndar skiptir hann hana svo miklu máli að hún tók afdrifaríka ákvörðun um heilsu sína til að gera hann að ævistarfi.

ÞAKKLÁT FYRIR RÖDDINA

LAUFBLAÐIÐ

Ritstjórn og umsjón:
Goggur ehf / Sigurjón M. Eglisson
Blaðamaður: Kristjana Guðbrandsdóttir
Umbrot og hönnun: Goggur ehf.
Auglýsingar og styrktarlínur: Markaðsmenn
Forsíðumynd: GVA
Prentun: Oddi
Blaðið er sent félagsmönnum og styrktaraðilum
Prentað í 2.000 eintökum

Gefið út af:
Lauf félag flogaveikra
LAUF | Hátúni 10b | 105 Reykjavík
Sími: 551-4570 | Netfang: lauf@vortex.is
Heimasíða: www.lauf.is

Skrifstofan er opin frá klukkan 9.00 til 15.00
virka daga. Upplýsingar, ráðgjöf og fræðsluefni



STJÓRN LAUFS

Formaður: Brynhildur Arthúrsdóttir
Varaormaður: Thelma Brynjólfssdóttir
Gjaldkeri: Frans Páll Sigurðsson
Ritari: Ólafur Ragnarsson
Meðstjórnandi: Ólafur Haukur Símonarson
Varamenn:
Elin Ingibjörg Jacobsen
Lena Rós Matthíasdóttir
Lauf á Akureyri:
Jóhanna Gunnlaugsdóttir formaður
Sími: 461-4353



Allir velkomnir í Hitt Húsið



Góð ráð fyrir ferðalögin í sumar

LAUF FÉLAG FLOGAVEIKRA



Nýtur þess að koma fram



Margbreytileikinn góður



RAFEINDARSTOFAN
Einholt 2



TRÉSMÍÐJAN VIRKNI
Fjölnisgata 3a



ALLIR VELKOMNIR Í HITT HÚSIÐ

HITT HÚSIÐ er gullkista ungs fólks í Reykjavík og hefur síðustu ár þróað starfsemi sína í þá átt að vera menningar- og upplýsingamiðstöð þar sem ungu fólki er veitt ýmis aðstoð og ráðgjöf. Markmið með rekstrinum er að veita ungu fólki aðstöðu og stuðning við að koma góðum hugmyndum í framkvæmd að vera miðstöð ungs fólks í leit að sumarstarfi og að vera vettvangur fyrir félagsleg úrræði og ráðgjöf fyrir ungt fólk. Þess utan er líf og fjör í Hinu Húsinu allt árið og þangað eru allir boðnir velkomnir.

Hitt Húsið hefur reynt öflugur vettvangur fyrir úrræði fyrir fötluð ungmenni. Þar heldur Jenný utan um starf Sérsvéitarinnar sem er úrræði fyrir fötluð ungmenni og einu sinni í viku yfir vetrartímamann ræður félagsstarf fólks með fötlun ríkjum í Hinu Húsinu. Þá er hægt að ganga að vísi fjölbreyttri dagskrá þar sem lögð er áhersla á góða afþreyingu, fræðslu og menningu. Yfir sumartímamann stendur Hitt Húsið öllum opið þrátt fyrir að starfsemi þessi liggji niðri. Áherslur Hins Hússins breytast og ungmenni spreya sig við hin ýmsu störf á vinnumarkaði.

Í sumar heldur áfram samstarf milli Hins Hússins og SSR Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra í Reykjavík. Atvinnuúrræðin eru fyrir fötluð ungmenni á aldrinum 17 – 20 ára og byggjast á að kynna fyrir þeim hin ýmsu störf í samfélaginu. Ungmennin mæta í Hitt Húsið og fara með leiðbeinendum í fyrirtæki þar sem þau fá tækifæri til að sinna almennum störfum.

„Okkar markmið hér í Hinu Húsinu eru helst að veita fötluðum ungmennum brautargengi,“ segir Jenný. „Það mikilvægasta er að leggja áherslu á það sem hver og einn getur gert í stað þess að einblína á það hvað hann getur ekki. Að efla sjálfstraustið reynist mikilvægt og að veita stuðning þegar á þarf að halda en leyfa fólki annars að prófa sig áfram og vinna án stuðnings.“ Jenný nefnir að fjöldi fyrirtækja komi að samstarfinu. „Flest fyrirtæki eru boðin og búin að taka á móti okkur og mikill fjöldi hefur átt í góðu samstarfi við okkur síðustu árin. Fyrirtækin þurfa auðvitað ekki að leggja út neinn kostnað en Reykjavíkurborg greiðir fyrir úrræðið. Því miður þá komast ekki allir að, við erum með um 10 manns á biðlista svo það er ljóst að það þarf að auka við úrræðið.“

Ertu með hugmynd?

„Það er mikið um að vera í Hinu Húsinu yfir vetrartímamann en á sumrin er afslappað andrúmsloft,“ segir Markús Guðmundsson forstöðumaður í Hinu Húsinu. „Skapandi sumarhópar Hins Hússins hleypa fjöri í borgarlífið.“



Og þá geta allir mætt á þriðjudagsþreifingar sem er heiti yfir nýjan opnunartíma í Hinu Húsinu á þriðjudögum. Þá er opið er til 22:30 og er það hugsað til að ungu fólki gefist færi á að nýta húsið á þeim tíma sem þeim hentar. Á þessum kvöldum eru kvikmyndasýningar, tónleikar, ýmsar kynningar og Markús hvetur þá hugmyndaríka að mæta og sitja ekki á góðum hugmyndum því í Hinu Húsinu bjóðast á þessum kvöldum gullin tækifæri til að framkvæma góðar hugmyndir með litlum tilkostnaði.

„Aðra daga er svo er alltaf einfaldlega hægt að líta inn, fá sér kaffisopa, lesa blöðin og kíkja aðeins í tölvuna,“ bætir hann við í lokin.



YES MAN! Eitthvað til að hlakka til Á veturna heldur Jón Heiðar Gunnarsson utan um hópastarfið Vínfús fyrir ungmenni á aldrinum 16-25 ára í Hinu Húsinu og er hugsað fyrir alla einstaklinga sem vilja kynnast nýju fólki.

„Það geta allir lent í því að einangrast félagslega, bendir Jón á. Starfið er hugsað fyrir

alla þá sem vilja kynnast nýju fólki og þá sem hafa einangrast félagslega af ýmsum ástæðum. Um leið og fólk hefur einangrast þá dettur niður færni í félagslegum samskiptum og að vera einn getur því orðið að vítahring sem er erfitt að brjótast úr,“ bætir hann við.

„Markmið okkar er að komast úr þessum vítahring og við gerum það á léttu nót-

unum. Við erum dugleg að reyna nýja hluti og skemmta okkur saman. Við gætum líkt viðhorfi okkar við aðalsöguhetju myndarinnar Yes Man þar sem hann Carl (Jim Carrey) hefur staðnað í neikvæðum vítahring og tekur þeirri áskorun að taka á móti hverju einasta tækifæri í lífinu með jákvæðum hætti með þeim afleiðingum að heill heimur möguleika opnast hon-

„Það mikilvægasta er að leggja áherslu á það sem hver og

einn getur gert í stað þess að einblína á það hvað hann getur ekki. Að efla sjálfstraustið reynist mikilvægt og að veita stuðning þegar á þarf að halda en leyfa fólki annars að prófa sig áfram og vinna án stuðnings.“



um fyrir vikið. „Hópurinn rúmar 10-15 manns og Jón Heiðar segist halda að það þurfi annan hóp til viðbótar til að svara eftirspurn. „Starfið gengur vel og árangurinn af því er mjög góður, það skiptir máli að hafa hópinn fremur fámannan til að ná samstöðu og trausti innan hans. Jákvæð sýn á lífið skiptir öllu máli og ýtir undir sterkari sjálfsmynd. Allir hafa gott af því að efla slíkt viðhorf og ég er hreinlega heppin að fá að starfa við það hvern einasta dag. Starfið er mikilvægt vegna þess að hérna gefst ungu fólki tækifæri sem það fær ef til vill ekki annars staðar, að hittast og umgangast hvort annað á jákvæðum nótum og eftir að erfiðustu skrefin hafa verið tekin þá hlakkar þeim til að mæta hingað í hverri viku.“

ELÍAS er sérfræðingur í taugasjúkdómum og hefur starfað við taugalækningadeild Landspítalans undanfarin tuttugu ár. Hann er prófessor í taugasjúkdómum við Háskóla Íslands og yfirlæknir taugalækningadeildar Landspítalans. Við ræddum við Elías um flogaveiki og rannsóknir, þróun lyfja og þörfina á umræðu um heilbrigðismál í fjölmiðlum.

SKORTUR ER Á UMRÆÐU UM HEILBRIGÐISMÁL Í FJÖLMIÐLUM

» Taugasjúkdómar eru áskorun fyrir samfélagið

Elías nefnir að síðustu áratugi hafi orðið miklar framfarir í þekkingu á á starfsemi heilans og í meðferð heilasjúkdóma og nú er hægt að lækna með skurðaðgerð hluta þeirra sjúklinga sem eru með s.k. temporal lobe flog, en þau eru algengasta tegund erfðra floga hjá fullorðnum bættir hann við, sem ekki er hægt að ná tökum á með lyfjameðferð. Skurðaðgerðir eiga þó aðeins við hjá litlum hluta þessara sjúklinga. „Ef að við getum fundið upptök floganna og þau eru á svæði í heilanum, sem hægt er að fórna án þessa að valda óásættanlegum skaða. Flestir Íslendingarnir hafa verið sendir á Mayo sjúkrahúsið í Minnesóta í Bandaríkjunum og hefur það fyrirkomulag gefist mjög vel og á síðustu 15 árum hafa nokkrir tugir Íslendinga fengið verulegan eða fullkominn bata með aðgerð af þessu tagi.“

Dauði H.M er góð áminning

Elías útskýrir fyrir blaðamanni hvar helst er hægt að skera fyrir meininu og hvar hættur felast. Það er mikilvægt að flogin eigi uppruna á einum ákveðnum stað í heila og að hægt sé að fjarlægja þann hluta heilans án þess að valda skerðingu á minni, hreyfingu eða máli og alltaf þarf að meta hver sú áhætta er og hversu mikil áhætta er ásættanleg og þá er bæði sjúklingur og fjölskylda hans með í ráðum.

Áratugum saman hefur sjúkrasaga sjúklingsins HM (case HM) verið vel kunn öllum sem lagt hafa stund á taugavísindi og um hana er fjallað í öllum kennslubókum á þessu sviði. Þegar HM var ungur maður þjáðist hann af alvarlegri flogaveiki sem átti upptök frá gagnaugahluta (enska: temporal lobe) heil-

ans. Aðgerð var framkvæmd vegna floganna þar sem gagnaugahluti heilans, þar á meðal drekin (enska: hippocampus), var fjarlægður beggja vegna. Eftir aðgerðina þjáðist HM af miklu minnisleysi. Rannsóknir vísindamanna og vinna þeirra með HM leiddi síðan af sér merkustu uppgötvanir síðustu aldar hvað varðar staðsetningu og eðli minnis í heilanum. Það var fyrst eftir að hann lést á síðasta ári að heiminum var birt nafn hans, en hann hét Henry Gustav Molaison og var búsettur í Connecticut í Bandaríkjunum. Nýlega fékk ég tækifæri til að hlusta á fyrirlestur taugasálfræðingsins Brendu Milner, sem enn er í fullu fjöri þótt hún sé á tíræðisaldri. Hún varð fyrst til að átta sig á mikilvægi sjúkdóms-einkenna Henrys. Brenda Milner hitti Henry reglulega í yfir 50 ár og þótt hæfileikar hans væru óskertir að flestu leyti, þá jafnaði minnið sig aldrei hann gat lítið nýtt lært. Uppgötvanir sem sjúkrasaga Henry Mollaison leiddu af sér urðu til þess að tugir þúsunda sjúklinga hafa nú getað farið í heilaaðgerðir með lítilli áhættu. Saga hans er góð áminning um að við erum stödd í miðju ferli uppgötvana á sviði taugavísinda. Hann er aðeins eitt af mörgum dæmum um að vandí einstakra sjúklinga geti varpað ljósi á starf heilans og enn á eftir að gera mikilvægar uppgötvanir á því sviði.

Hvad um þróun lyfja?

„Fyrsta nútímalyfið við flogaveiki, fenemal, kom fram árið 1912. Fenemal hefur góð flogastillandi áhrif og er enn notað í einhverjum tilfellum. Vandinn við fenemal er hins vegar sá að það veldur oft syfju og drunga,“ segir Elías. „Ég man eftir því úr æsku að hafa kynnst skólafélögum með flogaveiki. Slen og

þreyta var áberandi, sem ég ímyndaði mér að hlyti að vera megin einkenni flogaveiki, en eftir á að hyggja voru þetta vafalaust aukaverkanir flogalyfjanna, sem þá voru mest notuð.

Lyfjameðferð við flogaveiki getur verið flókin og er langtímaverkefni. Hluti flogaveikra svarar lyfjum ekki vel og þá þarf oft að breyta lyfjagjöfni. Aukaverkanir eru oft megin vandamál sérstaklega þegar nota þarf tvö eða fleiri flogalyf og mikilvægt er að sjúklingurinn hafi ekki meiri óþægindi af meðferðinni en flogunum sjálfum. Strax upp úr 1930 var byrjað að reyna að finna gagnleg flogalyf með minni aukaverkanir en fenemal. Árangur þeirrar leitar var fenytoin sem enn er talsvert notað. „Síðustu áratugin hafa komið fjölmörg ný lyf við flogaveiki á markað. og þau nýju lyfjanna sem mest eru notuð eru levetiracetam, lamotrigine, oxkarbasepín og topiramate og enn fleiri lyf hafa komið á markað á allra síðustu árum.

Síðustu misseri hefur verið aukin umræða um áhrif mataræðis á flogaveiki. Er hægt að jafna mataræðisúrræðum, svo sem ketónsku mataræði, við lyf? Elías bendi blaðamanni á að ketónskt mataræði sé í sjálfu sér ekki nýjung. „Ketónskt mataræði sem meðferð við flogum, var reyndar uppgötvað snemma á síðustu öld. Það dregur úr flogum og er stundum gagnlegt sem viðbótarmeðferð, en dugar sjaldan eitt og sér. Það eru helst foreldrar mikið veikra barna sem vilja reyna þetta úrræði ef áhrif lyfjanna eru ófullnægjandi, aukaverkanir eru miklar og skurðaðgerð kemur ekki til greina.“

Umræðan er mikilvæg

Sérfræðingar á taugadeild Landspítala sækja

Ég man eftir því úr æsku að hafa kynnst skólafélögum með flogaveiki og haldið einkenni

flogaveiki hafa verið helst einhvers konar mók. Það var vegna þess að í þá daga fengu allir flogaveikir Fenemal og auka verkanirnar voru jafn miklar og raun bar vitni.



reglulega ráðstefnur þar sem þeir kynnst niðurstöðum nýjustu rannsókna og því sem er eftir á baugi hverju sinni. „Það hefur ekki orðið bylting í úrræðum fyrir flogaveika á síðustu árum en nauðsynlegt er að fylgjast vel með þróuninni og taka þátt í henni.

Fræðsla um sjúkdóma og heilbrigðismál er mikilvæg fyrir sjúklinga og aðstandendur og áhugaverð fyrir alla. Þekking almennings á algengum sjúkdómum hefur batnað mikið á þeim 20 árum sem ég hef starfað sem sérfræðingur hér á landi, en enn finnst vanta upp á að við stöndum jafnfætis þeim þjóðum á vesturlöndum sem hafa náð lengst. Smæð þjóð-

arinnar er vandamál og mikilvægt er að hafa aðgang að erlendri umfjöllun. Reynslan sýnir að nýyrðasmíð hefur stundum torvelað umfjöllun og fræðslu hér á landi og tafið að alþjóðleg hugtök festist í sessi. Læknablaðið hefur lengi reynt að stuðla að notkun nýyrða en hefur þá stundum fengið gagnrýni fyrir að greinar verði illskiljanlegar, jafnvel sérfróðum. Ég tel að lausnin sé að taka upp alþjóðleg hugtök í ríkara mæli og reyna þá að fella þau að íslensk, á sama hátt og kirkjunni tókst svo vel á öldum áður.

Heilbrigðismál snerta alla og þar er rík hagsmunagæsla líka mikilvæg. Dreifing þekkingar

er fyrsta skrefið og ég hef lengi saknað þess að á fjölmiðlunum, sérstaklega dagblöðum, væru blaðamenn sem sérhæfðu sig í umfjöllun um heilbrigðismál, rétt eins og viðskiptum og stjórnmálum. Umræða um skipulag heilbrigðismála veitir stjórnvöldum og fagfólki nauðsynlegt aðhald og fræðir almenning. Umræða um lyfjamál einskorðast oft við beinan útlagðan kostnað vegna lyfja, en ávinningur meðferðar líka mjög mikilvægur þáttur. „Taugasjúkdómar eru áskorun fyrir samfélagið og þörf á nýjum meðferðarúrræðum og óskir um framfarir hafa aldrei verið meiri“ segir Elías að lokum.

HEIÐRÚN GUÐVARÐARDÓTTIR er nýkomin úr söngferðalagi til Búdapest með Kór Kristskirkju og undirbýr sig fyrir afmælistónleika óperukórsins í Hafnarfirði. Hún er reyndar í 3 kórum, óperukór Hafnarfjarðar, kór Háteigskirkju og kór Kristskirkju. Söngur er hennar líf og yndi og reyndar skiptir hann hana svo miklu máli að hún tók afdrifarika ákvörðun um heilsu sína til að geta einbeitt sér alfarið að söngnum. Það var fyrir ó árum sem hún gekkst undir skurðaðgerð á heila á Mayo Clinic í Bandaríkjunum og segist hún hafa fengið bót meina sinna umfram það sem lyf höfðu getað veitt henni.

NÝTUR ÞESS AÐ KOMA FRAM OG SYNGJA

»» Aðgerðin breytti öllu

Heiðrún veiktist af flogaveiki þegar hún var 15 ára gömul. Hún segist lítið muna eftir kastinu en heldur að það hafi átt sér nokkra forsögu. Hún hafi fundið fyrir lítilli einbeitingu og gengið illa í nýafstöðnum samræmdum prófum.

„Ég vissi ekkert um flogaveiki og hafði ekki einu sinni lesið um hana og því var ég óttaslegin í fyrstu og sér í lagi vegna þess að ég mundi ekki neitt eftir kastinu. Þegar slíkt hendir þá veldur það líklega meiri ótta en annars. Ég fór strax á lyf en þau virkuðu illa. Ef til vill héldu þau krömpunum eitthvað niðri en ég datt mikið út og ég fann fyrir verulegum erfiðleikum með að halda dampi í tilverunni. Veikindin gerðu það að verkum að ég tapaði vinsældum meðal félaganna. Vinirnir hurfu svona smá saman og ég fann mig svolítið eina.“

„Sem betur fer hafði ég sönginn til að hugga mig við þótt að lyfin hefðu áhrif á röddina. Ég hef sungið í kór síðan ég var sextán ára gömul. Röddin var óstyrkari en áður, það var kominn skjálfti í hana. Ég hélt þó áfram og ákvað að gefast ekki upp.“

Heiðrún skráði sig í nám í rafvirkjun í Iðnskólanum og sóttist námið ágætlega. Hún eignaðist vinkonu sem hún gat eytt tíma með í skólanum. „Það skipti mig miklu máli að geta blandað geði við einhvern. Seinna lærði hún til sjúkrahjálfa þannig að það er ljóst að hún hafði margt að bera. Hún skildi veikindin. Nú býr hún úti en við höldum enn svolitlu sambandi.“

„Námið sóttist ágætlega þótt að stundum dytti ég út. Ég náði að ljúka náminu og klára heilt ár sem nemi í starfi. Því miður þá tókst mér ekki að taka sveinsprófið því þá datt ég út. Það er auðvitað miður en ég veit ekki hversu trygg framtíð mín hefði verið hefði ég reitt mig á námið. Ég fann strax fyrir erfiðleikum í atvinnuleit. Mér fannst mér bera skylda til að upp-

lýsa atvinnurekanda um veikindin og svör þeirra voru ávallt á sama veg; Þeir gætu ekki borið ábyrgð ef eitthvað henti mig á vinnustað.“ „Ég hélt hins vegar alltaf áfram að syngja. Ég eignaðist tvær dætur og ég eyddi tíma mínum innan veggja heimilisins. Ég var hins vegar ekki

„

Sem betur fer hafði ég sönginn til að hugga mig við þótt að lyfin hefðu áhrif á röddina. Ég hef sungið í kór síðan ég var sextán ára gömul. Röddin var óstyrkari en áður, það var kominn skjálfti í hana. Ég hélt þó áfram og ákvað að gefast ekki upp.

ánægð með að aðhafast lítið. Ég vildi finna mér eitthvað að gera og öðlast sjálfstraust. Ég ákvað að gera eitthvað róttækt í mínum málum og vildi láta reyna á hvort söngurinn gæti orðið mitt lífibrauð. Það er svo sannarlega lítil tilvera í því að sitja heima og þiggja örorkubætur og ég gat einfaldlega ekki á mér setið mikið lengur.“

„Ég fór til lækis og var ákveðin. Ég vildi að eitthvað yrði gert til að breyta lífsgæðum mínum til hins betra. Eins og áður sagði þá gerði flogaveikin það að verkum að það var titringur í röddinni sem ég vildi losna við. Læknirinn setti mig í ákveðið ferli þar sem leitað er upptaka flogakastanna með sírita og ómskoðun. Það var ekki ferli sem er einfalt eða stutt. Það tók eitt ár að kortleggja upptök flogaveikinnar og svo þurfti ég að bíða á annað ár þangað til ég fór í aðgerð.“

„Í aðgerðinni er svæðið þar sem upptök floga eiga sér stað skorið í burtu. Hún fór fram í Mayo Clinic í Rochester í Bandaríkjunum. Ég fann mun á mér strax eftir aðgerðina og varpaði öndinni léttar. Að sjálfsgöðu er þetta stór aðgerð og kvíðvænleg en ég útilokaði allan kvíða og ótta og tókst á við verkefnið með jákvæðu hugarfari. Í dag fæ ég ekki flogaköst og dett ekki út. Röddin er án þessa titrings og ég nýt þess að koma fram og syngja. Ég er enn að koma mér á framfæri og það gengur að ég held ágætlega. Ég er afskaplega ánægð og stolt yfir því að hafa tekið þessa ákvörðun og einnig þakklát því að þetta hafi verið mögulegt því staðreyndin er sú að þessi aðgerð er ekki raunhæfur möguleiki fyrir alla þá sem veikjast af flogaveiki.“



NOKKRIR PUNKTAR:

- Vertu með Medic Alert merki á þér.
- Vandaðu vel val á ferðamáta. Er best að ferðast með flugi og þarftu á ferðafélaga að halda? Gerðu góða áætlun um fyrstu viðbrögð vegna flogakasts og vertu viss um að ferðafélaginn sé vel með á nótunum.
- Pakkaðu tveimur settum af lyfjum og hafðu öll glös vel merkt.
- Talaðu við lækni eða hjúkrunarfræðing um lyfjatökuna. Hvernig áttu að taka lyfin þín vegna tíma- mismunar?
- Ræddu við lækni um hvort þú þurfir einhvers konar bréf eða vottun frá honum til að tryggja öryggi þitt á ferðalagi. Í bréfinu ætti að koma fram upplýsingar um hvers eðlis flogaköstin þín eru, hvernig skuli bregðast við, listi yfir lyf og lyfjaskammta og nafn lækis þíns og hvernig sé hægt að ná í hann.
- Vertu búinn að kortleggja sjúkrahús og heilsugæslu á áfangastað ef að veikindi þín eru alvarleg.

GÓÐ RÁÐ FYRIR FERÐALÖG Í SUMAR

ÖRUGGARI OG AUÐVELDARI FERÐAMÁTI: Ýmis ráð fyrir fjölskyldur langveikra.

Fæstum finnst sérlega auðvelt að ferðast. Þeir sem glíma við flogaveiki þurfa þó að huga betur sjálfir að öryggi sínu og heilsu en aðrir af ýmsum ástæðum.

Það eru ýmsar ástæður fyrir því að erfiðara er fyrir langveika og fjölskyldur þeirra að ferðast en aðra. Hert öryggisgæsla og nánara eftirlit með lyfjum sem taka þarf með í flugferðir, spurningar og eftirlit með ýmsum búnaði svo sem taugaörvunarbúnaði og seglum og þá hafa ýmis flugfélög strangari viðmið hvað varðar flogaveika en aðra vegna hættunnar á því að flogakast hendi í háloftunum. Þeir spyrja frekari spurninga og allt veldur þetta taugatríngi og töfum sem reyna á andlegt þol.

Best er að hitta lækni eða hjúkrunarfræðing áður en lagt er í ferðalag til að fara yfir stöðuna og heilsufarið á þeim tímarpunkti sem á að ferðast.

Ferðast með flugvélum

Sumir halda að þeir sem fá flog geti ekki ferðast með flugvélum. Því fer fjarri. Fólk sem

fær flog getur ferðast með öllum ráðum. Hins vegar þarf að gæta að tíðni floga og þess hversu alvarleg þau eru áður en gerðar eru ferðaaðlanir. Það liggur til dæmis í augum uppi að fólk sem fær tíð flog þar sem það missir meðvitund eða rænu þarf ferðafélaga. Ferðafélaginn þarf að vera vel undirbúinn og vita hvað skal gera þegar flog hendir og sér í lagi hendi það í flugvélinni sjálfri. Hann þarf líka að skýra fyrir öðrum ferðafélögum í flugvélinni hvað eigi sér stað svo þeir missi ekki ró sína. Ef að einhver vafi leikur á hvort að þörf sé á ferðafélaga eða hvort flugferð sé óráðleg er best að fá mat lækis. Þetta á sérstaklega við ef að flogin eru löng, tíð og erfið eða ef að gengið er í gegnum miklar breytingar á lyfjum þar sem óvissa ríkir um tilætluð áhrif.

Mikilvægt er að muna að langflestir geta ferðast vel og örugglega með flugi. Eftir allt saman þá er það fljótlegasti ferðamatinn.

Til að ferðast tafir og óþarfa afskipti gæti verið hjálplegt að ferðast með bréf frá lækni sem staðfestingu á því að það sé í góðu lagi

að ferðast með flugi og hvað flugáhöfn eigi til bragðs að taka ef að flog hendir.

Að ferðast með lyf

Hver er besta leiðin til að ferðast með lyf og hversu mikið skal taka með í ferðalagið. Flestir þeir hjúkrunarfræðingar sem haft var samband við vegna þessarar greinar nefndu að best væri að taka með sér tvö sett af lyfjum. Einu settinu ætti að pakka með almennum farangri og hitt ætti að fara með í handfarangri. Með þessu móti minnka líkur á því að ferðalangurinn verði lyfjalaus ef farangur týnist.

Þá er ráðlegt að hafa lyfin vel merkt enda er eftirlit með vökva og lyfjum meira en áður hefur verið síðustu misserin. Þú gætir beðið lyfsalann þinn að merkja tóm lyfjaglös með heiti lyfja þinna svo þú getir ferðast með minni skammta með þér.

Ef að ætlunin er að ferðast langar vegalengdir er nauðsynlegt að ræða ferðalagið við lækniinn og vera viss um að lyfin sem eru notuð í dag henti til slíkra ferðalaga. Það getur vel verið að

„Þá er ráðlegt að hafa lyfin vel merkt enda er eftirlit með vökva og lyfjum meira en áður hefur verið síðustu misserin. Þú gætir beðið lyfsalann þinn að merkja tóm lyfjaglös með heiti lyfja þinna svo þú getir ferðast með minni skammta með þér.“

hann vilji gera einhverjar breytingar. Eins þarf að huga að tímamismuni og hvernig á að taka lyfin vegna hans.

Góð ferðaaætlun

Það getur verið viðkvæmt mál fyrir þau sem yngri eru að þurfa að gæta meira að sér en aðrir. Þau gætu líka verið smeyk við ferðalög vegna veikinda sinna. Best er því að smíða

ferðaaætlunina vel og fara vel í gegnum hvernig best sé að háttá samskiptum við aðra þegar flog henda. Það er eftir allt saman viðbrögð annarra sem ráða því hversu erfitt það verður. Meðlimir öryggisgæslu flugvalla gætu ef til vill ekki þekkt hin margvíslegu einkenni flogs og brugðist við af of mikilli hörku eða varkárni. Enginn vill að slíkt hendi og því er best að fara vel í gegnum fyrstu viðbrögð.

Medic Alert

Það er gott ráð að vera með Medic Alert armband eða hálsmen á sér.

Medic Alert kerfið getur hjálpað fólk í neyð einkum þeim sem haldnir eru sjúkdómum sem geta skyndilega versnað.

Á Medic Alert armbandi eða hálsmeni má finna spjaldskrárnúmer, upplýsingar um sjúkdóma og símanúmer bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi sem geymir sjúkraskrár fyrir eigendur Medic Alert nista. Læknar og hjúkrunarfólk geta hringt á spítalann á öllum tímum sólarhrings, gefið upp spjaldskrárnúmerið, og aflað upplýsinga um sjúkdóma, lyfjameðferð og sjúkrahúsdvöl nistiseiganda.

Einnig má fá uppgefin nöfn og símanúmer nánustu ættingja og lækis viðkomandi.

Upplýsingarnar geta komið í veg fyrir töf á réttri meðferð sjúklinga, verði þeir meðvitundarlausir eða af öðrum ástæðum ófærir um að gera grein fyrir veikindum sínum. Þar eru með öðrum orðum upplýsingar sem geta stuðlað að því að ókunnugir gefi sjúklingi fyrstu hjálp á réttan hátt.

Nisti af þeim tegundum sem hér hefur verið lýst gegna helst hlutverki sínu þegar eigendurnir, sökum veikinda eða slysa, geta ekki sjálfir gert grein fyrir sérþörfum sínum eða réttri meðhöndlun. Sjúklingar eru hins vegar ekki þeir einu sem ættu að bera á sér upplýsingaspjöld; út frá öryggissjónarmiði ættu helst allir að bera í það minnsta skilríki sem sanna á þeim deili því allir geta lent í aðstæðum þar sem þeir missa færni sína til að gefa upp persónuupplýsingar. Þessar ráðstafanir skyldi að auki gera hvað varðar börn og getur þetta auðvitað komið sér vel ef þau verða viðskilta við foreldra og geta ekki tjáð sig á því máli sem að talað er í landinu.

Njóttu ferðalagsins!

MARGBREYTTILEIKINN ER EFTIRSÓKNARVERÐUR

»» Það vantar vel metin hlutastörf á vinnumarkaði

„Ég hef lokið B.Ed-námi, diploma-námi í Hagnýtri fjölmiðlun og er brátt að ljúka M.A - námi í fréttá- og blaðamennsku. Ég villtist óvart inn í fötlunarfræðina, þar sem ég tók fyrst valnámskeið en ákvað síðan að taka diploma-námið. Það er skemmst frá því að segja að ekkert nám hefur mér fundist jafn fræðandi og frelsandi. Það hafði mikil áhrif á mig sem manneskju með fötlun eða langvinna sjúkdóma. Mínir eigin fordómar voru miklir, og eru það dálítið enn, og ég reyndi eins og ég gat að halda fólki í myrkrinu varðandi sjúkdómana því ég óttaðist höfnun, sérstaklega á vinnumarkaði. Ég taldi að geta þeirra á ferilskrá væri eins og að afhenda sakavottorð með atvinnuumsókn. Þeir sem ég vann fyrir fregnuðu það yfirleitt ekki fyrir en löngu síðar að ég ætti við veikindi að stríða en ég fann hins vegar aldrei fyrir öðru en sanngirni og velvild í minn garð. Ég er samt enn þeirrar skoðunar að ef fólk með fötlun eða langvinna sjúkdóma getur þess í upphafi atvinnuviðtals þá fer umsóknin aftarlega í bunkann. Það er eins og samfélagið átti sig ekki á að jafnvel þótt fólk hafi skerta starfsgetu á sumum sviðum hefur það líka styrkleika á öðrum. Það er gríðarlega mikilvægt fyrir fólk með fötlun eða langvinna sjúkdóma að vera virkt í samfélaginu og fá félagslega vel metin hlutverk. Vinnumarkaðurinn ætti að fagna fólki með fötlun ekki síður en öðrum, því það býr margt yfir fjölbreyttri kunnáttu og mannaúði sem því miður fer oft fer í súginn vegna fáfræði og þá um leið fordóma ráðandi afla.“

Veikindin hafa hamlað

Unnur segir að ein helsta leiðin til þess sé í gegnum vinnumarkaðinn og þá eigi hún ekki við neina atvinnubótavinnu. „Vinnan er stór hluti af lífi flestra og við eyðum stórum hluta aflífinu í vinnunni. Ef við gætum breytt viðhorfum samfélagsins til örorku, þá gætum við stuðlað að því að fleiri Íslendingar yrðu hamingjusamari. Það vilja allir ráða einhverju um lífstíl sinn og lífskjör en það er nokkuð sem fólk gerir ekki á bótum. Þar festast margar í fátæktargildru. Annað sem er mikilvægt baráttumál fyrir fólk með fötlun er aðgengi að menntun, að hún sé sú sama og fyrir heilbrigða. Það er ekki verið að biðja um afslátt af kröfum, hvorki þegar kemur að vinnumark-

aðnum né menntun heldur aðeins svigrúm, umburðarlyndi og nauðsynleg hjálpertæki. Það vantar meira af vel metnum hlutastörfum á vinnumarkaði. En menntunin er jafnmikilvæg því hún eykur líkurnar á því að fólk með örorku verði virkt í samfélaginu auk þess sem það eykur möguleika þess á vinnumarkaði.“

En hafa þín veikindi ekkert hamlað þér? „Jú, auðvitað hafa þau gert það. Ég væri að ljúga öðru. Fyrstu einkenni geðhvarfasýkinnar hafa sennilega komið fram þegar ég var 15-16 ára gömul, og þá með þunglyndi, þótt hún hafi ekki verið greind fyrir en mörgum árum seinna. Það er stundum erfitt að gera greinarmun á geðsjúkdómum og geðsveiflum unglingsárum. Menntaskólaárin voru mjög erfið og ég þurfti nokkrum sinnum að leggjast inn á spítala. Þegar ég var síðan 18 ára byrja ég að fá flog og mjög tíð í fyrstu. Ég fékk

„**Þeir sem hafa upplifað djúpt þunglyndi vita að það hefur líkamleg einkenni. Þegar verst lætur skrið**

ég um í rúminu eins og kónguló og spyr almættið hví hann leggi þetta á mig.

svokallaða áru eða fyrirvara, sem einkenndist af málstoli og ýktum hljóðum og stundum upplifði ég svona „deja vu“ tilfinningu fyrir krampaköst og svo eftir þau sofnaði ég. En ég man þessa tíma ekki svo glögg.

Fyrsta greinin fjallaði um óttann

Unnur valdi að fara í kennaranám en helsta ástæðan fyrir því var að þá voru skólarnir tvísetnir. „Ég sá fyrir mér að ég gæti kennt eftir hádegi, þar sem ég einhverra hluta vegna fékk síður flog þann hluta dagsins. Lyfin höfðu ýmsar aukaverkanir eins og dagsyfju og ég var oft ekki úthvild á morgnana. Hins vegar varð stefnumótun í skólamálum og þeir voru einsetnir fljótlega eftir að ég byrjaði að kenna. Ég kenndi í fjögur ár en tókst aldrei að klára vetur án þess að verða alvarlega veik í nokkrar vikur. En ég naut þess að kenna. Eftir að átti strákinn minn, sem er nú 11 ára, með tilheyr-

andi vandkvæðum varð mér ljóst að ég færi sennilega aldrei í fulla vinnu aftur.

Ég hafði skrifað kennslubók í samfélagsfræði, Stríðsárin á Íslandi 1939-1945, ásamt Jennýju B. Olsen, sem kennd er í 9. bekk í fjölmörgum grunnskólum landsins, en annars hafði ég ekki lyft penna. Mér bauðst síðan hálf starf á Vikunni hjá Fróða, í gegnum manninn minn sem þar var starfandi. Ég hélt að ég væri alveg galin, ég meina sko alveg galin, að taka þetta að mér, því ég kynni náttúrulega ekkert að skrifa, sjálfsálitið var ekki meira en það. Fyrsta greinin mín fjallaði um óttann,“ segir hún og hlær.

„Þetta var árið 2000 og smám saman heilladist ég af blaðamennskunni. Hún var ekki svo ólík kennslunni en hvort tveggja er miðlun og mér finnst gaman að miðla. Ég var síðan tilnefnd til blaðamannaverðlaunanna fyrir bestu umfjöllunina árið 2003 og þá hugsaði ég með mér að ég gæti bara ef til vill orðið blaðamaður og ákvað að læra fagið og ég hef verið blaðamaður síðan. Það breyttust fljótlega forsendur á Fróða svo ég fór að vinna sem lausamaður fyrir Vikuna og síðar Mannlíf og þá önnur tímarit og dagblöð. Ég hef nánast alltaf unnið hjá sjálfri mér því þá get ég haft stjórnad álaginu betur en bæði flogaveikin og geðhvarfasýkin krefjast þess að maður lifi reglusömu lífi. Það verður að gæta að mataræði, hreyfingu og svefni en auðvitað er ég bara eins og aðrir, gleymi mér oft í streitu og áreiti. Ég segi stundum að flogaveikin sé eins og hnefaleikakappi. Þegar ég hef farið fram úr sjálfri mér kýlir hún mig niður og leggur í rúmið. Þá fæ ég aðeins tíma til þess að ihuga.“

Myrkríð umbreytist í kónguló

Unnur segir að hún sé svo lánsöm að vera með geðhvarfasýki II sem feli í sér að uppveiflurnar fari sjaldan mikið út fyrir skynseminnar mörk en myrkríð geti verið því dýpra. „Mér finnst ægilega gaman þegar ég er í uppveiflu,“ segir hún og brosir. „Þá skiptir lífið um lit. Það þarf að breyta stofunni, já jafnvel henda út heilu húsgögnunum og hressa upp á fataskápinn sem þó er fullur fyrir – að ógleymdum skriftunum. Ég næ ekki öllu á blað en það skemmtilegasta af öllum finnst mér að þá koma til mín ljóðin – annars sem ég aldrei ljóð.“

FRAMHALD Á NÆSTU SÍÐU

UNNUR HREFNA JÓHANNSDÓTTIR, kennari og blaðamaður, hefur um árabil glímt við flogaveiki og geðhvarfasýki II. Henni eru hugleikin réttindamál fólks með fötlun og langvinna sjúkdóma og viðhorf fólks til þeirra í samfélaginu. Hún er nú að útskrifast úr diplomanámi í fötlunarfræðum við Háskóla Íslands, náms sem hún segir að hafi ekki aðeins verið fræðandi heldur einnig frelsandi.



Ég hef oft tekið mjög óskynsamlegar ákvarðanir þegar ég er í uppsveiflu, enda verða ráð annarra þá óráð í mínum eyrum en sem betur fer hefur mér alltaf tekist að lenda á fótunum en stundum með braki og brólti. Myrkríð er hins vegar hræðilegt og ég hræðist það við tilhugsunina eina. Peir sem hafa upplifað djúpt þunglyndi vita að það hefur líkamleg einkenni. Þegar verst lætur skríð ég um í rúminu eins og kónguló og spyr almættið hví hann leggi þetta á mig. Ég skuli glöð tæma stofuna og fataskápinn ef það bara fjarlægji sársaukann.“

Unnur hefur mikinn áhuga á birtingarmyndum fatlaðra og fólks með langvinnna sjúkdóma í fjölmiðlum. „Það er eitt af því sem fötlunarfræðin vakti athygli mína á. Oftast birtist þetta fólk sem förnarlömb eða hetjur, snillingar eða glæpamenn. Gedveiki er til dæmis oft tengd glæpum í affreyningarmiðlum þótt rannsóknir sýni að það eru ekki meiri tengsl þar á milli en gengur og gerist. Það,



Vinnan er stór hluti af lífi flestra og við eyðum stórum hluta af lífinu í vinnunni. Ef við gætum breytt viðhorfum samfélagsins til örorku, þá gætum við stuðlað að því að fleiri Íslendingar yrðu hamingjusamari.

hvernig fatlaðir og fólk með sjúkdóma birtist í fjölmiðlum, sem eru mjög skoðanamótandi afl í samfélaginu, skiptir geysilega miklu máli. Hún stjórnar því að vissu marki hvernig heimurinn lítur á fatlaða.“

Fötlunarfræðin eykur skilning

Fötlun er ekki einkamál þess sem hana hefur og skömmin á allra síst að vera fylgifiskur fötlunar segir Unnur. „Hún varðar allt samfélagið því 10% jarðarbúa glíma við fötlun af einhverju tagi en aðeins 15% fæðast með fötlun samkvæmt tölum frá Sameinuðu Þjóðunum. Eftir því sem meðalaldur hækkar í vesturænum löndum getur hver íbúi búist við að eiga við einhvers konar fötlun að stríða um

8 ár af ævi sinni eða um 11,5% nái hann 70 ára aldri eða yfir. Ég vona bara að vegur fötlunarfræðinnar eigi eftir að vaxa og dafna svo að skilningur mannfólksins á fötlun eigi eftir að eflast, þannig að við sjáum í samfélaginu þann margbreytileika sem er svo eftirsóknarverður. Ég væri alveg til í að miðla því í framtíðinni. Það á ekki bara við um fatlaða heldur aðra hópa sem samfélagið hefur valið að hafa í einhverjum minnihluta eins og samkynhneigða, transgenda, kynþætti eða feminsta. Það á í rauninni ekki að vera neitt til sem heitir meirihluti og minnihluti í samfélagi – við erum eitt samfélag og erum öll jafnréttá þótt við séum mismunandi, við þurfum bara að læra að hugsa þannig.“

Hvernig á að bregðast við flogakasti



Fyrstu viðbrögð við flogakasti

- Haldið ró ykkar
- Losið um þröng fót
- Reynið að fyrirbyggja meiðsl
- Ekki setja neitt upp í munn
- Hlíúið að viðkomandi
- Verið til staðar þar til fullri meðvitund er náð

1

Það er ekki þörf á sjúkrabíl

- Ef hægt er að sjá (t.d. á S.O.S. — Medic Alert-, öðrum merkjum eða skilríkjum sem geta sagt til um sjúkdóm viðkomandi) að hér sé um flogaveiki að ræða
- Ef floginu lýkur innan 5 mínútna
- Ef engin merki eru um meiðsl, líkamlegar þjáningar eða þungun

2

Fyrstu viðbrögð við flogakasti

- Ef flogið á sér stað í vatni
- Ef engin leið er að sjá að hér sé um flogaveiki að ræða (merki eða skilríki)
